



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 50/2011

## **Kvörtun Gistiheimilis Keflavíkur vegna firmanafnsins Gistihús Keflavíkur.**

### **I.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst erindi Gistiheimilis Keflavíkur, sem rekið er af Hótel Keflavík ehf., með ódagsettu bréfi, mótttekið af Neytendastofu 19. október 2010, þar sem kvartað er yfir firmanafninu Gistihús Keflavíkur annars vegar vegna ruglingshættu við firmanafnið Gistiheimili Keflavíkur og hins vegar vegna villandi nafngiftar fyrirtækisins með vísan til staðsetningar þess. Gerir Gistiheimilið Keflavík þá kröfu að forsvarsmönnum Gistihúss Keflavíkur verði gert að breyta nafni gististaðarins.

Í erindinu kemur fram að umkvörtunarefnið snúi bæði að nafngift umrædds gististaðar með tilliti til staðsetningar sem og að nafn gististaðarins, Gistihús Keflavíkur, enda því sem næst það sama og Gistiheimili Keflavíkur. Gistiheimili Keflavíkur hafi um árabíl verið rekið samhliða rekstri Hótel Keflavíkur að Vatnsnesvegi í Keflavík. Gistihús Keflavíkur hafi verið stofnað árið 2004 með litlu sniði við Ásbraut í Keflavík með 4-5 herbergi. Reksturinn hafi haft lítil sem engin áhrif á rekstur Gistiheimilis Keflavíkur enda markaðssetning lítil sem engin. Kynning eða auglýsingar hafi t.d. ekki verið til staðar í helstu ferðaþjónustutímamótum og kynning á veraldarvefnum mjög takmörkuð sérstaklega til að byrja með en hafi breyst um leið og gististaðurinn hóf rekstur í leiguhúsnaði á gamla vallarsvæðinu, Ásbrú, með rúmlega 20 herbergjum árið 2007. Á síðasta ári hafi herbergjunum fjölgað í tæplega 60 og kynning undir nafni Gistihúss Keflavíkur hafi aukist samhliða sem og ruglingur á nöfnum gististaðanna sem skipta tugum á þessu tímabili. Öllum megi vera ljóst að nafnið Gistihús Keflavíkur er því sem næst eins og Gistiheimilið Keflavík og sé bein þýðing eins á öllum tungumálum sbr. ensku Guesthouse Keflavik. Með nafngiftinni séu forsvarsmenn Gistihúss Keflavíkur að tengjast góðum og öflugum rekstri Gistiheimilis Keflavíkur sem hafi markaðssett sína þjónustu í tugi ára á helstu ferðaþjónustusýningum og í kynningarefni ferðaþjónustunnar á Íslandi. Gistihús Keflavík greiði ekki félagsgjald og sé ekki aðili í SAF, Samtökum ferðaþjónustunnar á Íslandi, eins og flest gistihús sbr. Gistiheimili Keflavíkur og hafi enn í dag ekki séð ástæðu til að vera þátttakandi á ferðakaupstefnunni Vestnorden sem þó sé eitt vinsælasta og helsta markaðstæki gististaða á Íslandi. Því megi með



sanni segja að Gistiheimili Keflavíkur kosti markaðssetningu svæðisins samhliða glististöðum sínum meðan aðrir njóta góðs af, þar á meðal Gistihús Keflavíkur sem bæti um betur með ruglandi nafngift síns glististaðar.

Þá kemur fram í erindinu að Gistihús Keflavíkur sé ekki í Keflavík enda rekið að Ásbrú sem sé gamla varnarsvæðið. Ekki sé einu sinni um sama póstnúmer að ræða en Keflavík hafi póstnúmerið 230 og Ásbrú 235 þó að bæði hverfin séu í Reykjanesbæ. Nafngiftin sé því án alls vafa í engum takt við raunverulega staðsetningu og því ruglandi gagnvart neytendum. Það staðfesti þau fjölmörgu tilvik þar sem gestir sem bókað hafi Gistihús Keflavíkur og mæti á okkar glististað. Þá bætist við undantekningarlaust óánægjuraddir viðkomandi um að hafa verið bókaðir á gamla varnarliðssvæðinu eða Ásbrú enda talið sig fá gistingu í Keflavík sem er bæði þekkt hérlandis og erlendis sem miðbæjarkjarni og sjálfstætt bæjarfélag með fulla þjónustu um langt árabíll. Slíka þjónustu sé ekki að finna á Ásbrú. Neytendur bóki þannig gistingu sem vísi til nafns á bæjarhluta sem viðkomandi glistihús sé ekki staðsett á.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindið var sent Gistihúsi Keflavíkur ehf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. október 2010. Í bréfinu kemur fram það mat stofnunarinnar að ákvæði 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um viðskiptahætti og markaðssetningu gætu komið til álita í málinu. Svar Gistihúss Keflavíkur barst Neytendastofu með bréfi, dags. 6. desember 2010. Í bréfinu kemur fram að þeir einstaklingar sem standi að Gistihúsi Keflavíkur hafi rekið glistihús í Keflavík um sjö ára skeið. Notast hafi verið við nafnið Bed and Breakfast, Keflavík fyrir markaðssetningu erlendis en Gistihús Keflavíkur innanlands. Fyrstu árin hafi reksturinn verið að Ásabraut 8 en síðustu þrjú árin einnig á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, Ásbrú. Nafnið Ásbrú sé nafn á hverfi í Reykjanesbæ sambærilegt við Breiðholt, Árbæ o.fl. hverfi í Reykjavík.

Þegar ákveðið hafi verið nafn á glististaðnum hafi verið kannað hvað önnur glistiheimili bjóði. Hafi komið í ljós að fá glistiheimili hafi boðið eins og Gistihús Keflavíkur þ.e. sameiginlega borðstofu, sjónvarp, ísskáp inná herbergjunum og fullbúið sameiginlegt eldhús svo gestir geti t.d. eldað sér málsverð á kvöldin. Af þessum sökum hafi verið talið að orðið glistihús ætti frekar við en glistiheimili.

Samkvæmt Orðabók Háskólans hafi nafnið Gistihús verið notað fyrir enska heitið Hótel, þ.e. um stað sem selur næturgistingu. Samkvæmt sömu skilgreiningu Orðabókar þá sé orðið Gistiheimili notað yfir glististað sem selji gistingu í atvinnuskyni og er í einhverju og eða öllu leyti í samhengi



við heimili gestgjafa. Ekkert gistihús var skrásett á svæðinu á þessum tíma hvorki hjá Firmaskrá né í símaskránni.

Gistihúsið Keflavík að Ásabraut 8 er með sex herbergi, samtals 14 rúm í húsinu. Gistiheimilið Keflavík er með sjö herbergi, samtals 13 rúm. Frá upphafi hafa þessir gististaðir því verið svipaðir að stærð.

Gistihús Keflavíkur á Ásabraut var fyrst rekið undir einkakennitölu en í maí 2008 var Gistiheimili Keflavíkur ehf. stofnað um reksturinn ásamt því að færa út kvíarnar og opnað gistihús á gamla varnarsvæðinu undir enska heitinu Bed and Breakfast Keflavik Airport til aðgreiningar frá gistihúsinu við Ásabraut. Þá var orðinu Centrum skeytt við Bed and Breakfast Keflavik fyrir gistihúsið á Ásabraut. Orðið Guesthouse hefur aldrei verið notað, alltaf Bed and Breakfast.

Þá hafa umrædd gistihús verið skráð á erlendum sölusíðum á netinu, t.d. hostelworld.com og booking.com. Áður en gistihúsið var opnað á gamla varnarsvæðinu var gistihúsið við Ábraut skráð undir heitinu Bed and Breakfast Keflavik en eftir að gistihúsið var opnað á gamla varnarsvæðinu undir heitinu Bed and Breakfast Keflavik Airport var Ásabrautin skráð undir heitinu Bed and Breakfast Keflavik Centrum. Því sé rangt að halda því fram að Gistihús Keflavíkur hafi ekki auglýst starfsemi sína. Gistihús Keflavíkur hafi ekki tekið þátt í stórum sýningum enda talið að slíkar samkomur sem kosta þátttakendur stórfé skili ekki miklum árangri.

Þá kemur fram í bréfinu að það sé ekki skylda að vera þátttakandi á Vestnorden eða í félagi í Samtökum ferðaþjónustunnar til að reka gistihús á Íslandi. Einnig kemur fram í bréfinu að erfitt sé að sjá hvernig sé verið að blekkja viðskiptavini varðandi það hvar fyrirtækið sé staðsett. Bed and Breakfast Keflavik Airport sé staðsett á gamla varnarsvæðinu sem samkvæmt símaskrá er póstnúmer 235, Keflavíkurflugvöllur. Hitt gistihúsið, sem lokað sé á veturna, er staðsett á Ásabraut 8 í Keflavík og gengur undir nafninu Bed and Breakfast Centrum á erlendum bókunarsíðum.

Hafnar Gistihúsið Keflavík því að ruglingshætta sé á þeirri starfsemi og Gistiheimilinu Keflavík.

Hvað varði beiðni Gistiheimilis Keflavíkur um að Gistihús Keflavíkur breyti um nafn þar sem Gistihús Keflavíkur sé með starfsemi á fleiri en einum stað þá sé gaman að skoða önnur fyrirtæki í ferðaþjónustunni sem voru lítil í upphafi en hafa stækkað í áranna rás. Það hafi ekki hvarflað að nokkrum manni að þau fyrirtæki skipti um nafn vegna þess að þau séu með starfsstöðvar á fleiri en upphaflega staðnum. Gott dæmi er Bílaleiga Akureyrar og Sérleyfisbílar Akureyrar. Sé því hafnað að verið sé að blekkja neytendur með nafngiftinni Gistihús Keflavíkur. Fram kemur í bréfinu að sé leitað eftir airport hótél á ja.is kemur fram skráning Hótél Keflavíkur sem staðsett



sé einna lengst frá Keflavíkurflugvelli af þeim gístistöðum sem starfræktir eru á Keflavíkursvæðinu.

Orðin Gístihús og Gístiheimili séu almenn heiti á ákveðinni tegund gistingar samkvæmt orðabók og því ekki séð að einhver einn aðili eigi sérstakan rétt til þessara orða. Sjá nánar ákvörðun Neftendastofu nr. 2/2010 í máli Gístihúss Keflavíkur gegn B&B Guesthouse vegna notkunar orðsins Bed and Breakfast Keflavík þar sem fram komi að um almennt heiti sé að ræða sem enginn einn geti eignað sér.

## 2.

Bréf Gístihúss Keflavíkur var sent Gístiheimili Keflavíkur til upplýsinga með bréfi Neftendastofu, dags. 20. ágúst 2010. Með sama bréfi tilkynnti Neftendastofa aðilum málsins að gagnaöflun í málinu væri lokið. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Gístiheimili Keflavíkur yfir notkun Gístihúss Keflavíkur ehf. á heitinu Gístihús Keflavíkur. Að mati Gístiheimilis Keflavíkur sé ruglingshætta til staðar enda nafn fyrirtækjanna nánast hið sama. Með nafngiftinni sé Gístihús Keflavíkur að nýta sér markaðssetningu Gístiheimilis Keflavíkur. Einnig kvartar Gístiheimili Keflavíkur yfir nafngift fyrirtækisins með vísan til staðsetningar þess enda sé Gístihús Keflavíkur á Ásbrú ekki staðsett í Keflavík heldur að Ásbrú á gamla varnarsvæðinu. Að mati Gístiheimilis Keflavíkur er nafngiftin villandi gagnvart neytendum.

Gerir Gístiheimilið Keflavík þá kröfu að forsvarsmönnum Gístihúss Keflavíkur verði gert að breyta nafni gístistaðarins. Gístiheimili Keflavíkur telji notkunina brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 þar sem nöfn aðila séu nánast samhljóða sem valdi miklum ruglingi milli aðilanna og að nafn fyrirtækisins sé ekki í samræmi við staðsetningu þess.

Af hálfu Gístihúss Keflavíkur er því hafnað að um sé að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, enda séu orðin gístihús og gístiheimili almenn heiti á ákveðinni tegund af gistingu sem enginn einn aðili eigi sérstakan rétt til. Þá er því hafnað að ruglingshætta sé til staðar eða að verið sé að reyna að villa fyrir um neytendum.



## 2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 28. október 2010, kom fram það álit stofnunarinnar að ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gætu komið til álita í málinu.

Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, sbr. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn eða vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Aðilar málsins notast við sambærileg heiti fyrir þjónustu sína. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, eru gististaðir samkvæmt 3. gr. laganna staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum, í gistiskálum og sumarhúsum, með eða án veitinga. Orðið gistihús kemur ekki fyrir í framangreindum lögum en bæði Gistihús Keflavíkur og Gistiheimili Keflavíkur eru gistiheimili í skilningi laga nr. 85/2007.

Gistiheimili Keflavíkur, sem rekið er samhliða rekstri Hótel Keflavíkur, hefur notað heiti sitt um skeið og á tilkall til þess auðkennis þó það sé ekki skráð hjá opinberum aðila. Gistihús



Keflavíkur er skráð sem einkahlutafélag í fyrirtækjaskrá. Að mati stofnunarinnar eiga því báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna. Því telur stofnunin ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 koma til álita í málinu.

### 3.

Aðilar málsins eru keppinautar á markaði við sölu gistirýma. Þeir eru á sama markaðssvæði og markhópar þeirra þeir sömu. Að mati Neytendastofu eru heitin Gistihús Keflavíkur og Gistiheimili Keflavíkur lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila þar sem merking þess er að viðkomandi bjóði gistingu og að gistingin sé í Keflavík. Gistihús Keflavíkur er með starfsemi bæði að Ásbrú, gamla varnarsvæðinu, Valhallarbraut 761 og í Keflavík, Ásabraut 8. Ásbrú ber póstnúmerið 235 Reykjanesbæ en Keflavík 230 Reykjanesbæ. Sveitarfélagið Reykjanesbær var stofnað árið 1994 með sameiningu þriggja sveitarfélaga: Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar og Hafnarhrepps. Þegar varnarstöðin að Keflavíkurflugvelli var lögð niður árið 2006 varð þéttbýliskjarninn að Ásbrú hluti af Reykjanesbæ. Þrátt fyrir að Gistihús Keflavíkur að Ásbrú sé ekki staðsett í þeim þéttbýliskjarna sem almennt er nefndur Keflavík er það mat Neytendastofu að nafnið sé ekki villandi gagnvart neytendum enda er Ásbrú skammt frá Keflavík. Þá er til þess að taka vallarsvæðið hefur alltaf verið kennt við Keflavík. Gagnvart íslenskum neytendum er ljóst að heimilisfang gististaðarins er að Ásbrú sem er hluti Reykjanesbæjar. Einnig verði að líta til þess að upphaflega starfrækti fyrirtækið gististað í Keflavík en hafi fært út kvíarnar að Ásbrú. Þá er nafnið skýrlega aðgreint fyrir erlenda neytendum sem Bed and Breakfast Keflavik Airport og Bed and Breakfast Keflavik Centrum.

Hvað varðar ruglingshættuna þá telur Neytendastofa nafnið Gistiheimili Keflavíkur sé svo lýsandi fyrir starfsemi og staðsetningu beggja og svo almennt að vart fengist það skráð sem vörumerki, sbr. 13. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997, og því geti því ekki notið einkaréttar. Fyrirtæki sem velja almenn orð til auðkennis starfsemi sinni verða að hlíta því að keppinautar noti sömu eða lík orð í auðkennum sínum.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að notkun Gistihúss Keflavíkur ehf. á nafninu Gistihús Keflavíkur fyrir gististað sinn að Ásbrú brjóti ekki gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að sama skapi telur stofnunin að notkunin brjóti ekki gegn ákvæði 5. gr. sömu laga.



**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 25. ágúst 2011

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir